



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2023

2306008SA FHS  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um áform um lagasetningu vegna fyrirhugaðrar sameiningar stofnana umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins - 103/2023**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, sem birt var þann 30. maí sl., þar sem kynnt eru áform um sameiningu tíu stofnana í þrjár stofnanir, Loftslagsstofnun, Náttúruverndar- og minjastofnun og Náttúruvísindastofnun. Samkvæmt tilkynningunni er áhersla lögð á að tryggja mannauð þessara stofnana og starfsfólk njóti forgangs til nýrra starfa. Markmið sameiningar er að til verði stærrí, kröftugri og faglega öflugri stofnanir sem geti tekist á við áskoranir til framtíðar og unnið að markmiðum Íslands í umhverfismálum. Einnig að eflt verði þekkingar- og fræðasamfélag og nýsköpun í opinberum rekstri, fjölgun starfa á landsbyggðinni og starfa án staðsetningar, þekking og innviðir verði nýtt betur, áætlanagerð einfölduð, rekstrarhagkvæmni aukin og aðkoma nærsamfélaga að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum verði tryggð.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þau markmið sem sett eru fram í áformaskjali metnaðarfull og telur sameiningu þessara stofna farsælt skref til þess að tryggja heilbrigða stjórnsýslu og gott samstarf milli einstakra stofnana og sveitarfélaga landsins. Sameining þessara stofnana ætti að geta náð þeim markmiðum, sé vel staðið að þeim, hvað varðar ábyrgðar- og verkefnaskiptingu. Mikilvægt sé í þeirri vegferð sem fram undan er að huga vel að þeirri þekkingu og mannauði sem til staðar er hjá hverri stofnun fyrir sig. Ýmsar sameiningar stofnana á undanförunum árum hafa valdið verulegu raski á starfsemi þeirra og mikinn tíma tekið að byggja upp haldbæra þekkingu á einstökum málaflokkum.

Við þessar fyrirhuguðu breytingar er mikilvægt að þétt samtali verði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og er vísað til þess sem fram kemur í umsögn heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga hvað það varðar. Mikilvægt er að skilgreina hlutverk stofnana og deilda innan þeirra gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Eitt af því sem taka þarf afstöðu til hvað varðar heilbrigðiseftirlit er stefnumótun til framtíðar um það hvort stefnt sé að meiri miðstýringu í þeim málaflokkum sem heyra undir heilbrigðiseftirlit eða hvort þjónustan og ráðgjöfin eigi frekar að vera í nærumhverfi fólks, hjá t.d. heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Eitt af þeim hlutverkum sem Umhverfisstofnun hefur í dag er að samræma starfsemi heilbrigðiseftirlitanna, en takmörkuð vinna hefur átt sér stað hjá þeirri stofnun til þess að sinna því hlutverki. Mikilvægt er að þetta hlutverk tynist ekki í nýrri Loftslagsstofnun.

Í öðrum málaflokkum þá eru fjölmörg verkefni sem taka þarf tillit til. Má hér til að mynda nefna að byggðir verði upp skilvirkari ferlar varðandi úrgangstölfræði í landinu. Samhliða því ætti að skoða hlutverk Úrvinnslusjóðs við fyrirhugaðar


breytingar, með það að markmiði að auka gagnsæi, sannreynanleika og trúverðugleika gagna um raunráðstöfun úrgangs, þannig að markmiðum hringrásarhagkerfisins verði betur að náð. Finna þarf sameiginlegum verkefnum sambandsins og Umhverfisstofnunar farveg, s.s. vef um loftslagsvæn sveitarfélög og handbók um úrgangsstjórnun. Auk þess er mikilvægt að skilgreina hvaða hlutverki skrifstofa aðlögunar- og loftslagsmála sem í dag er vistuð hjá Veðurstofu Íslands á að gegna í ráðgjöf og vinnu með sveitarfélögum í loftslagsmálum. Markmið lagasetningarinnar um að tryggja aðkomu nærsamfélaga að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum er sérstaklega mikilvægt fyrir sveitarfélögin og er sérstaklega óskað eftir samráði við sambandið og einstök hlutaðeigandi sveitarfélög sem hagsmuna eiga að gæta í þeirri lagasetningarvinnu sem framundan er. Í landshlutunum eru starfræktar náttúrustofur sem mikilvægt er að taka einnig tillit til varðandi áframhaldandi vinnu.

Við sameiningu stofnana telur sambandið mikilvægt að litið sé til þess að opinbert eftirlit verði skilvirkt, litið verði til stafrænna mála og lausna í eftirliti, sjálfvirkni ýmis konar verði nýtt. Leiðsagnarhlutverk stofnana má ekki glatast við þessar sameiningar og leita verður leiða til þess að gera samstarf þeirra við þjónustuþega og aðrar stofnanir einfalt og skilvirkt. Að störfum er stýrihópur um opinbert eftirlit, en hópurinn á að skila skýrslu á næstunni. Líta þarf til þeirrar vinnu í tengslum við sameiningar stofnana. Mikil tækifæri liggja í því að stækka stofnanir til þess að gera þær faglega sterkari og tilbúnari fyrir þær fjölmörgu áskoranir sem fram undan eru í þessum málaflokkum.

Að endingu vill sambandið taka fram að það lýsir sig reiðubúið til þess að vera til samráðs um smíði þeirra lagafrumvarpa sem nauðsynlegt er að útbúa vegna sameiningar stofnana. Jafnframt er áskilinn réttur til þess að gera frekari athugasemdir þegar lagafrumvörp vegna sameininga koma fram.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs